

Saltvík – Hænsnabú, Reykjavíkurborg

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 2. mars 2026 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stjórnuegg ehf. um uppbyggingu og rekstur eggjabús í Saltvík í Reykjavík, skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning framkvæmdaraðila: Saltvík - Hænsnabú, Matsskyldufyrirspurn. Stjórnuegg ehf. – VSÓ ráðgjöf. Febrúar 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg dags. 5. maí 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 30. mars 2026,
- Matvælastofnun dags. 27. mars 2026,
- Minjastofnunar Íslands dags. 7. maí 2026,
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 24. mars 2026.

Ekki barst umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 11. maí 2026.

3 Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Ákvörðun þessi er því gefin út af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka matsskyldufyrirspurnarinnar var í höndum Skipulagsstofnunar.


4 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu, stækkun og rekstri eggjabús Stjórnueggja í Saltvík í Reykjavík, sem staðið hefur yfir frá 2023, þegar fyrsta varphúsið var byggt. Annað varphús bættist við 2024 og nú er hugað að þriðja varphúsinu. Í heildina munu þessi þrjú hús vera um 5.100 m² með stæði fyrir um 59.900 varphænur.

Húsin verði steipt og einangruð að utan. Fóðursíló verða staðsett utan við eldishús og drykkjarstútar inni í húsum eru lokaðir. Frárennsliskerfi við húsin mun samanstanda af frárennslislög, siturlögn og settönkum.

Húsdýráurgangur verður fjarlægður og fluttur burt jafnóðum í þéttum gámum til móttakenda sem nýta hann til uppgræðslu lands og ræktunar. Hver viðtakandi gerir dreifingaráætlun, sem taki mið af leyfilegu magni úrgangs á hektara og staðsetningu með tilliti til mögulegrar mengunar yfirborðs vatnshlota. Haldið sé utan um fjölda gáma og ráðstöfun á einstaka staði í rekstrarhandbók búans. Úrgangur, annar en húsdýráurgangur, einkum dýrahæ, verða

meðhöndluð í samræmi við reglugerðir. Úrgangi verði ráðstafað til aðila sem hafi heimild til meðhöndlunar og móttöku á slíkum úrgangi.



Mynd 1. Afstöðumynd af byggingu í Saltvík og nýbyggingum (úr greinargerð framkvæmdaraðila).

5 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Stjörnueggja ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vatnshlot og loftgæði

Í greinargerð Stjörnueggja kemur fram að undir fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði liggi grunnvatnshlotið Mið-Vesturland og strandir nr. 101-307-G en flatarmál þess sé 9.453 km² og um sé að ræða óverulegan vatnsveiti með takmarkað grunnvatnsstreymi. Efnafræðilegt ástand og magnstaða sé óþekkt og ekki sé gerð grein fyrir því hvort það nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu. Staðbundið álag sé skráð á grunnvatnshlotið vegna urðunarstaða eða sorplosunar. Einnig kemur fram að strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C umvefji allt Brimsnesið, Hofsvík og Kollafjörð og flatarmál þess sé 134.5 km². Efnafræðilegt ástand þess sé óþekkt og vistfræðilegt ástand metið mjög gott, byggt á mælingum á líffræðilegum gæðavísum. Það sé ekki metið í hættu og gert ráð fyrir að umhverfismarkmið náist. Álag sé skráð á vatnshlotið frá skólpi og fráveitum, urðunarstöðum, iðnaði, þéttbýlismyndun, fiskveiðum og eldi sem og sjósamgöngum og höfnum.

Framkvæmdaraðili telur að helstu áhrifaþættir þauleldis í Saltvík á vatnshlot geti mögulega falist í efnanotkun, fráveitu sem og geymslu og dreifingu húsdýraúrgangs sem geti haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatns. Helstu áhrifaþættir starfseminnar á loftgæði séu losun metans, ammoníaks og ryks sem geti valdið mengun og lykt frá húsum. Lykt myndast vegna uppgufunar ammoníaks frá húsdýraúrgangi og í undirburði í húsum. Lykt sé erfitt að mæla en hún sé háð losun þessara efna.

Notkun búins á köldu vatni verði um 7,2 L/mín og um 20-25 L/mín af heitu vatni eftir fyrirhugaða stækkun. Fráveituvatni frá búinu sé safnað og það meðhöndlað í rotþró í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun. Ekki sé um að ræða stöðugt frárennsli heldur eingöngu skolvatn þegar þrifið sé, það rennur í settanka þar sem fljótandi hlutinn fer í siturlagnakerfi sem sé grafið í drenmöl.

Áætlað árlegt magn húsdýraúrgangs/hænsnaskíts frá eldisstarfseminni sé um 680 tonn að lokinni uppbyggingu. Úrgangurinn sé fjarlægður reglulega úr húsunum og ekið burt jafnóðum í þéttum gámum til móttakenda utan Saltvíkur. Gerður sé samningur við bændur og aðila um nýtingu hans á tún og í uppgræðslu.

Að mati framkvæmdaraðili sé ekki talin hætta á að mengun berist í grunnvatn frá starfseminni, fyrirhugaðri stækkun hennar eða dreifingu húsdýraúrgangs. Ströng skilyrði séu um meðferð og geymslu úrgangs og olíu sem og um fráveitu. Niðurstaða áhrifamats sé að framkvæmdir og starfsemin sé ekki líkleg til að valda því að umhverfismarkmiðum vatnshlota, skv. lögum um stjórn vatnamála, verði ekki náð. Áhrifin á vatnshlot og vatnsvernd séu því talin óveruleg. Með hliðsjón af fjarlægð til næstu íbúðarhúsa frá býlinu, vindafari á svæðinu og þess að losun frá starfseminni verði vöktuð í samræmi við kröfur um bestu fánlegu tækni (BAT), sé metið að áhrif af alifuglabúinu á loftgæði verði óveruleg.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að lög um stjórn vatnamála og að rekstraraðilar beri að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Meðhöndlun húsdýraúrgangs megi ekki valda því að breyting verði á lífríki eða vistfræðilegt ástand vatnshlotanna rýrni skv. reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Þegar sótt sé um ný starfsleyfi sem fela í sér nýja starfsemi og/eða breytingu á starfsemi þurfa rekstraraðilar að skila inn áhrifamati á nærliggjandi vatnshlot, ef starfsemin hafi áhrif á vatnshlot. Bendir stofnunin á að með umsókn um starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu þurfi að fylgja ítarlegar upplýsingar um dreifingu húsdýraúrgangs í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að það verði að liggja fyrir samningar við þá aðila sem taka við húsdýraúrgangs frá búinu. Telur stofnunin að framkvæmdin, með hliðsjón af umfangi starfseminnar, staðsetningu hennar og samlegðaráhrifum með annarri mengandi starfsemi á svæðinu eigi að sæta umhverfismati.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir fráveitu frá húsunum, stærð setþróa og siturbeðs, en ekki sé hægt að meta hvort núverandi fráveitubúnaður anni því álagi sem fylgir nýju húsi. Sé búnaður ekki fullnægjandi getur það haft áhrif á grunnvatnshlot. Auk þess í ljósi hve mikill þéttleiki sé af annarri mengandi starfsemi á sama svæði telur eftirlitið að æskilegt sé að horfa til samlegðaráhrifa og setja fyrirhugaða framkvæmd í umhverfismat.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að fráveita frá húsum sé ekki umfangsmikil og endi í rotþróum, og því ekki um samlegðaráhrif á vatnshlot að ræða hennar vegna. Húsdýraúrgangi sé ekki dreift á svæðinu og því ekki hætta á lykt frá dreifingu hans, ofaugun í vatn eða annarrar mengunar frá dreifingu og því ekki samlegðaráhrifa að vænta á svæðinu vegna þessa. Lykt sé lágmörkuð með aðferðum sem tilgreindar séu í BAT, m.a. með vali á fóðri, lághraða loftræstikerfi og húsdýraúrgangur sé geymdur í lokuðum gámum. Ekki sé hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um búnað í umhverfismatsferlinu, enda sé mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun sé svo langt komin. Við umsókn um leyfi séu gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags. Það sé því mat rekstraraðila að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í nágrenni uppbyggingarreitsins í Saltvík sé önnur þaulrækt, svínarækt, sem systurfélag Stjörnuæggs, Stjörnugrís, starfrækir. Á jörðinni sé gyltuhús í um 840 metra fjarlægð og sláturhús í um 700 metra fjarlægð frá framkvæmdarsvæðinu. Einnig sé kjúklingarækt í um 850 metra fjarlægð til austurs, á Móum sem óskyldur aðili reki.

Áhrif starfseminnar sjálfrar á vatn og loftgæði séu metin óveruleg af framkvæmdaraðila þar sem losun í vatnshlot á svæðinu sé lítil og loftgæðum verði stýrt með aðferðum sem skilgreindar séu

Í BAT og kröfur gerðar um í starfsleyfi. Þaulendi á öðrum búum á svæðinu sé innan fjarlægðarmarka sem gefin séu í reglugerðum og Saltvík sé í um 3 km fjarlægð frá næsta þéttbýli. Samlegðaráhrif séu því metin óveruleg.

Í umsögnum Umhverfis- og orkustofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar kemur fram að með hliðsjón af umfangi starfseminnar, staðsetningu hennar og samlegðaráhrifum með annarri mengandi starfsemi á svæðinu eigi framkvæmdin að sæta umhverfismati.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að starfsemin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og það sé því mat rekstraraðila að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða.

Áhrif af völdum smithættu

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að hópar í varphúsum séu skilgreindir sem sérstakar smiteiningar og því megi ekki bera óhreinindi milli húsa, hvort sem það sé með skóm, fatnaði eða höndum. Tengsl við aðrar stöðvar séu annað hvort engar eða felast eingöngu í sameiginlegu eignarhaldi. Önnur þaulrækt á jörðinni sé aðskilin eggjabúinu. Þurfi starfsfólk nauðsynlega að fara á milli búa séu skýrar umgengnisreglur til að hámarka smitvarnir. Unnið verði í samræmi við reglugerð um velferð alifugla.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur í fyrirhuguðu varphúsi geti það haft viðtæk áhrif á annað dýrahald á svæðinu, eftir því um hvaða sjúkdóm sé að ræða. Telur stofnunin að það þyrfti að útlista betur viðbrögð vegna smitsjúkdóms. Þá vill stofnunin benda á að við fyrirhugaða starfsemi fellur til mikið magn af aukaafurðum dýra, en með slíkum afurðum sé átt við heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki séu hæfar eða ætlaðar til manneldis. Undir aukaafurðir dýra fellur einnig skítur frá starfseminni. Að mati stofnunarinnar sé nægjanlega gerð grein fyrir hvernig aukaafurða sem falla til undir venjulegum kringumstæðum skuli afsettar. Hins vegar kunna að koma upp aðstæður þar sem vegna smitsjúkdóms þarf að aflífa alla fugla á starfsstöðinni, sem og að farga hræjum, aðföngum og undirburði. Á starfsstöð líkt og þeirri sem fyrirhugað sé að reisa geti þannig þurft að farga gróflega áætlað um 90-100 tonnum af hræjum og 40 tonnum af aðföngum og undirburði, ekki sé að finna umfjöllun um hvernig slíkt yrði gert í gögnum framkvæmdaraðila.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að uppfyllt séu lágmarksskilyrði um fjarlægðir til annarra búa og mannbústaða. Hópar í varphúsum séu skilgreindir sem sérstakar smiteiningar og umgengnisreglur séu skýrar hvað varðar smitvarnir, þannig að ekki séu borin óhreinindi milli húsa eða annarra búa. Dýrahæ og aðrar aukaafurðir dýra verða meðhöndluð á búinu í samræmi við reglugerðir. Úrgangi verði ráðstafað til aðila sem hafa heimild til meðhöndlunar og móttöku á slíkum úrgangi. Gerð verður áætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar, þegar sótt sé um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar og leyfi Matvælastofnunar. Þar verður sett fram áætlun um hvernig brugðist verður við ef stöðva þarf starfsemina, m.a. hreinsa og loka húsum og hvernig skuli farga hræjum, aðföngum og undirburði.

Ekki sé hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um verklagsreglur og viðbragðsáætlanir í umhverfismatsferlinu, enda sé mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun sé svo langt komin. Við umsókn um leyfi séu gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að unnin var fornminjaskráning árið 2023 innan fjögurra byggingareita í landi Saltvíkur á Kjalarnesi. Það séu skráðar minjar á svæðinu, en engar friðlýstar minjar. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði nær inn í gömlu heimatúnin í Saltvík en stærstur hluti reitsins nær yfir fram ræst gömul heimatún. Staðsetning fyrirhugaðs varphús er ekki nærri skráðum minjum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að um sé að ræða áframhaldandi uppbyggingu á jörðinni, en þar hafa nú þegar verið reist tvö af þremur húsum sem munu hýsa starfseminu. Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar innan byggingarreita í landi Saltvíkur. Skráningin sé fullnægjandi fyrir vinnslu umhverfismats og hafi fengið staðfestingu Minjastofnunar Íslands, sbr. lög um menningarminjar. Frá sjónarhóli fornminjavörslu telur Minjastofnun ekki þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat og hefur stofnunin ekki athugasemdir við umfjöllun um fornleifar í greinargerð framkvæmdaraðila.

6 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 þar sem gert er ráð fyrir starfsemi sem tengist þaueldi í landbúnaði auk sláturhúss, en svæðið er að mestu flokkað sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Gildandi deiliskipulag fyrir Saltvík var samþykkt á 14. ágúst 2025. Deiliskipulagið nær yfir alla landareign Saltvíkur á Kjalarnesi. Í skipulaginu er gert ráð fyrir rými fyrir allt að 49.500 verpandi fugla í reit C og hámarksheimild byggingarmagns er 3.825 m². Breyta þarf deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda og uppbyggingar nýs húsakosts. Hækka þarf hámarksheimild byggingarmagns og fjölga rýmum fyrir verpandi fugla.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi frá Reykjavíkurborg skv. byggingarreglugerð.

Starfsleyfi er í gildi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrir eldi varpfugla fyrir eggjaframleiðslu. Fyrirhuguð stækkun er ekki í samræmi við gildandi starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar fyrir heildarfjölda stæða skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

7 Niðurstaða

Um er að ræða uppbyggingu, stækkun og rekstur eggjabús með stæði fyrir um 59.900 varphænur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.07 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengunar, ónæðis og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

HMS telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði vegna lyktar frá varphúsum vegna meiri úrgangs frá stærri bústofni. Um er að ræða aukna losun af rokgjöfnum efnum á borð við ammoníak sem rýrt geti loftgæði með aukinni lykt á svæðinu. Í ljósi boðaðra aðgerða og vöktunar á losun frá starfseminni sem lánmarka á lykt auk þess sem nokkur fjarlægð er til næstu nágretta og ríkjandi vindátt liggur ekki í átt að þéttbýlinu í Grundarhverfi, telur HMS ólíklegt að áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði í nágrenni starfseminnar verði umtalsverð. Í nágrenni þeirra svæða sem hyggjast nýta úrganginn til áburðargjafar, verða áhrifin að mestu háð verktilhögun viðkomandi og háð ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns af völdum

köfnunarefnisefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Telur stofnunin að áhrifin verði staðbundin og tímabundin við dreifingu úrgangs.

Í grennd við áformaða starfsemi framkvæmdaraðila í Saltvík er annað þauleldi á vegum sama aðila og óskylds aðila. Samlegð þeirrar starfsemi getur m.a. falist í auknum áhrifum á þá viðtaka sem við á, eins og loftgæði og vatnshlot. Með hliðsjón af eðli og umfangi starfseminnar og staðsetningu annarra þauleldiseininga á svæðinu, telur HMS ólíklegt að áhrif aukinna áforma geti orðið umtalsverð. Þó megi búast við auknum staðbundnum áhrifum á nærsvæði þeirrar starfsemi sem hér er til umræðu.

Engin vatnsverndarsvæði eru í grennd við framkvæmdasvæðið en undir framkvæmdasvæðinu liggur grunnvatnshlotið Mið-Vesturland og strandir og strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes umvefur allt Brimsnesið, Hofsvík og Kollafjörð. Samkvæmt vatnaáætlun er efnafræðilegt ástand og magnstaða grunnvatnshlotsins óþekkt og ekki gerð grein fyrir hvort það nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu. Staðbundið álag er skráð á grunnvatnshlotið vegna urðunarstaða eða sorplosunar. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er mikilvægt að framkvæmdir valdi ekki hnignun á ástand vatnshlota, hvorki tímabundið eða varanlega. HMS telur að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot verði takmörkuð og að hún sé ekki líkleg til að leiða til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Framkvæmdaraðili mun engu að síður þurfa að leggja fram áhrifamat vegna vatnshlota áður en leyfi verða veitt.

Matvælastofnun hefur bent á að ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur í fyrirhuguðu varphúsi geti það haft víðtæk áhrif á annað dýrahald á svæðinu, sem gæti krafist þess að farga þyrfti gróflega áætlað á starfsstöð framkvæmdaraðila um 90-100 tonnum af hræjum og 40 tonnum af aðföngum og undirburði. HMS telur í ljósi þess að ef þörf er á sérstöku mati á sýkingarhættu þá er eðlilegt að það verði lagt fram samhliða leyfisumsókn og skilyrði í leyfum taki mið af niðurstöðum þess.

Skráning fornleifa liggur fyrir og stafar minjum á svæðinu ekki hætta af framkvæmdunum og mun fyrirhuguð framkvæmd að mati HMS hafa óveruleg áhrif.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á skilgreindu landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á þá landnotkun sem fyrir er. Nýjar byggingar verða byggðar í grennd við önnur hús á jörðinni og raska því landbúnaðarlandi að takmörkuðu leyti.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. júlí 2026.

Reykjavík, 9. júní 2026

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Egill Þórarinnsson

Egill Þórarinnsson
Teymistjóri, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Jón Smári Jónsson

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign